



Iðnaðarnefnd Alþingis
Helga Þórisdóttir
Þórshamri v/ Templarasund
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1562
komudagur 24. 3. '98

Reykjavík 25. mars 1998
Tilv. 98030001

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um frv. til laga um eignarhald og nýtingu
á auðlindum í jörðu**

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 1988, þar sem beðið er um
umsögn um frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu, 359. mál.

Meðfylgjandi er umsögn stofnunarinnar um umrætt frumvarp.

Umsögnin hefur einnig verið send í tölvupósti, eins og bent er á í bréfi nefndarinnar.

Virðingarfyllst



Þorkell Helgason
orkumálastjóri



ORKUSTOFNUN

Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu

(359. mál, lagt fram á 122. löggjafarþingi 1997-1998)

Markmið stjórnarfrumvarps til laga um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu kemur ekki fram í frumvarpstextanum en ætla má að þau séu eftirfarandi:

1. Að styrkja skipulag og stjórnsýsluhætti um meðferð og nýtingu umræddra auðlinda, m.a. til að eyða lagaóvissu, sem nú ríkir í ýmsum greinum, og til að færa núverandi lagaákvæði nær ríkjandi háttum og viðhorfum.
2. Að skýra eignarétt að auðlindum samhliða því að setja einkaeignarétti þær skorður að ekki hamli rannsóknum og nauðsynlegri nýtingu auðlindanna í þjóðarþágu.

Orkustofnun fagnar því að lagt er fram stjórnarfrumvarp með ofangreint að markmiði. Fyrir Alþingi liggja önnur frv. um sama viðfangsefni. Þar er tekið á þessum markmiðum, einkum samspili eignaréttar og almannahagsmuna, með öðrum hætti en í téðu stjórnarfrumvarpi. Það er ekki hlutverk Orkustofnunar að taka afstöðu til þess hvaða leið beri að fara í þeim efnum. Á hinn bóginn felst afstaða stofnunarinnar í því hvort ákvæði þessa frumvarps séu framkvæmanleg og leiði til skynsamlegrar og æskilegrar nýtingar auðlinda. Hvort tveggja virðist uppfyllt, einkum að teknu tilliti til þeirra ábendinga sem hér fara á eftir.

Almennar athugasemdir

Nái frumvarp til laga um þjóðlendur fram að ganga er þess að vænta að verulegur hluti af öllum auðlindum í jörðu svo og orkuauðlindum verði í höndum ríkisins. Með þeirri markaðsvæðingu sem er framundan í raforkumálum má við því búast að nokkur ásókn geti orðið í nýtingarétt á vatnsföllum og háhitasvæðum og verði þar fleiri en einn um sömu hituna. Ekki verður séð, að í umræddu frumvarpi, né heldur í frumvarpinu um þjóðlendur, sé tekið á þeim vanda hvernig útdeila skuli aðgengi að takmörkuðum réttindum í eigu ríkisins. Orkustofnun hefur þegar bent háttvirtri iðnaðarnefnd Alþingis á þetta viðfangsefni í umsögn um þingsályktunartillögu um framtíðarskipan raforkumála. Sama ábendingin er gerð í umsögn stofnunarinnar til allsherjarnefndar um þjóðlendufrumvarpið.

Í fyrrgreindri umsögn um þingsályktunartillöguna segir meðal annars:

„Í tengslum við umfjöllun um rekstrarumhverfi orkugeirans leyfir Orkustofnun sér að benda á nauðsyn þess að mótuð verði samræmd stefna um það hvort og í hvaða mæli greiða skuli gjald fyrir afnot af auðlindum í þjóðareign og hvernig auðlindunum skal ráðstafað, t.d. með útboði, sem fæli þá væntanlega í sér gjaldtökuna. Alkunnar eru þær deilur sem eru um þetta efni varðandi afnotin af fiskimiðunum.

Hingað til má segja að öll meiriháttar vatnsorkuver hafi verið í eigu opinberra aðila og [að þau hafi] að mestu nýtt sér ókeypis vatnsréttindi. Því hefur þessi mál lítt borið á góma. ...

Meginatriði þeirrar stefnu, sem boðuð er með þingsályktunartillögunni, er sú að innleiða almennan markaðsbúskap í orkumálum. Við það mun myndast samkeppni um aðgang að auðlindum í eigu eða [á] forræði hins opinbera. Brýnt er að leikreglur um það hvernig það aðgengi fáiist verði mótaðar áður en keppnin hefst, sbr. það sem áður segir um fiskimiðin. Vart væri það í anda markaðs- og samkeppnissjónarmiða að sögulegur réttur gildi þar um of, enda þýddi það afgerandi forgang Landsvirkjunar að virkjunarréttinum. ESB-tilskipunin um raforkumarkaðinn hlýtur að kalla á fullt jafnræði um aðgengi að auðlindum í sameign, enda þótt jafnræði um aðgengi að markaðinum sé hið efnislega innihald hennar.

Að umræddum vanda er vikið í tveimur frumvörpum sem nú liggja fyrir Alþingi, frv. um auðlindir í jörðu og frv. um þjóðlendur, en í því síðartalda er í 3. gr. kveðið á um að leyfi forsætisráðherra þurfi til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu og að ráðherra og sveitarstjórnnum sé heimilt að kveða á um endurgjald eða leigu í því sambandi, en andvirði leigunnar skuli verja til endurbóta á þjóðlendum. Ekki verður ráðið um hvaða upphæðir er hér að ræða. Þá verður heldur ekki séð hvernig eigi að taka á samkeppni um nýtingarréttinn, svo sem hvort viðhafa eigi útboð eða annað. Á þessum málum þarf því að taka sérstaklega eða í tengslum við umrædd frumvörp.”

Í frumvarpinu sem hér er til umsagnar er gert ráð fyrir að eigandi eignarlands og sá er hefur öðlast nýtingarrétt komist að samkomulagi um endurgjald fyrir land og landsgæði, þ.e. auðlindir sem fylgja eignarlandi. Ef ekki næst samkomulag má beita ákvæðum um eignarnám (29. og 30. gr). Samkvæmt þessu virðist eðlilegt að miða endurgjald fyrir nýtingarrétt á auðlind í þjóðlendu við markaðsvirði hennar, þ.e.a.s. að finna verðið með e.k. útboði, og útkljá á þann veg hvernig velja skuli á milli þeirra sem kunna að óska eftir afnotum.

Það er ekki hlutverk Orkustofnunar að gera beina tillögu um það á hvern hátt á þessum vanda yrði tekið, enda er hér um pólitískt viðfangsefni að ræða, eins og þegar er vikið að í inngangi þessarar umsagnar. Hér er fyrst og fremst verið að vekja athygli á vandanum og hvetja háttvirta þingnefnd til að leggja á ráðin um lausn hans, hvort sem þau ákvæði eigi heima í þessu frumvarpi, frumvarpinu um þjóðlendur eða annars staðar.


Athugasemdir við einstakar greinar


Orkustofnun hefur yfirfarið frumvarpið lið fyrir lið með hliðsjón af því hvort nægilega þyki kveðið á um gagnaskil, eftirlit og umgegni um auðlindirnar. Í stað þess að tíunda breytingartillögur þar að lútandi á hefðbundinn hátt er það hér gert með því að færa breytingarnar með bláu, undirstrikuðu letri inn í frumvarpstextann og fylgir hann þannig breyttur sem 1. fylgiskjal með þessari umsögn. Þar sem skýringa er þörf á breytingartillögunum eru þær færðar með rauðu letri undir viðkomandi grein og afmarkaðar með boxi.

Ábendingar um efni í reglugerð

Við yfirferð stofnunarinnar um ákvæði frumvarpsins hafa komið fram nokkrar ábendingar um atriði sem væntanlega eiga fremur heima í reglugerð en í lagatexta. Þingnefndinni til fróðleiks er þessi atriðalisti tíundaður í 2. fylgiskjali með þessari umsögn.

26. mars 1998,


Þorkell Helgason
orkumálastjóri


Helgi Torfason
fagstjóri gagnamála á Orkumálasviði

1. fylgiskjal: Tillögur Orkustofnunar um breytingar á texta frumvarps til laga um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu.
2. fylgiskjal: Ábendingar Orkustofnunar um efnisatriði í reglugerð á grundvelli frumvarps til laga um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu.

1. fylgiskjal:

Tillögur Orkustofnunar um breytingar á texta frumvarps til laga um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu.

Viðbætur eru settar inn í texta frumvarpsins með bláu, lettri undirstrikuðu og skýringar eru með rauðu lettri í boxum við hverja grein. Þetta er gert til að auðvelda lestur athugasemdanna. Það sem mælt er með að fella út er tvístrikað.

122. löggjafarþing 1997–98.
Þskj. 574 – 359. mál.

Frumvarp til laga

um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Lög þessi taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga.

Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.

2. gr.

Eignarland merkir í lögum þessum landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Þjóðlendur merkja í lögum þessum landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lög-aðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Netlög merkir í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Jarðefni merkir í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblandinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi, með hitastigi sem næst meðallagslofthita á staðnum og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta stað-arorku þess.

II. KAFLI

Eignarréttur að auðlindum.

3. gr.

Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu, en í þjóðlendum eru auðlindir í jörðu eign íslenska ríkisins, nema aðrir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra.

III. KAFLI Rannsóknir og leit.

4. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að hafa frumkvæði að og láta rannsaka og leita að auðlindum í jörðu hvar sem er á landinu og skiptir þá ekki máli þó að landeigandi hafi sjálfur hafið slíka rannsókn eða leit eða heimilað það öðrum, nema viðkomandi aðili hafi gilt rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum. Með sama hætti getur ráðherra heimilað öðrum rannsóknir og leit og skal þá gefa út rannsóknarleyfi til viðkomandi.

Nú fer leit eða rannsókn fram á vegum landeiganda og þarf þá ekki til þess leyfi ráðherra. Þó ber landeiganda að senda Orkustofnun áætlun og lýsingu á fyrirhuguðum borunum, sprengingum, gerð námuganga eða öðrum verulegum framkvæmdum í þessu skyni og niðurstöður slíkra rannsókna. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að leit eða rannsóknir geti spilt vinnslu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til vinnslu síðar.

Skýring:

Slík á rannsóknarniðurstöðum er forsenda þess að unnt sé að hafa öruggt eftirlit með framkvæmdum sem geta, og hafa oft haft, áhrif á aðrar auðlindir í nágrenninu eða hluta sömu auðlindar, en í eigu annarra. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að OS geti sett skilyrði á traustum grundvelli þar sem hætta er á að aðgerðir hafi áhrif t.d. á grunnvatn eða neysl vatn á eða langt frá vinnslustað. Til álita kæmi að ganga enn lengra og fella rannsóknir landeiganda alfarið undir 5. gr. þ.e.a.s. að krefjast þess að þeir fái líka rannsóknarleyfi.

5. gr.

Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara.

Ráðherra er heimilt í rannsóknarleyfi að veita fyrirheit um forgang leyfishafa að nýtingarleyfi í allt að tvö ár eftir að gildistíma rannsóknarleyfis er lokið og að öðrum aðila verði ekki veitt rannsóknarleyfi á þeim tíma.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar sem setur reglur um á hvaða formi skil gagna eiga að vera.

Skýring:

Mörg gagnasafnsforrit eru í notkun og reynslan sýnir að það er tímafrekt, dýrt og erfitt að færa gögn úr einu kerfi í annað. Með því að hafa ákveðnar reglur um hvernig gögnum eigi að skila verður öllum aðilum gert auðveldara með að afhenda gögn sín og Orkustofnun gert hægara um vik að vista þau. Með þessu er verið að koma í veg fyrir óþarfa kostnað af gagnaskilum til opinberra aðila og auðvelda öll samskipti og miðlun upplýsinga.

IV. KAFLI Nýting auðlinda.

6. gr.

Nýting auðlinda úr jörðu er háð leyfi iðnaðarráðherra hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögum þessum. Landeigandi hefur ekki forgang að nýtingarleyfi vegna auðlindar í eignarlandi sínu, nema hann hafi áður fengið útgefið rannsóknarleyfi. Útgáfa nýtingarleyfis verði háð rannsóknum skv. rannsóknarleyfi eða viðurkenndri rannsókn á vegum landeiganda.

Nýtingarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögum þessum og ráðherra telur nauðsynlega. Um veitingu leyfis, efni þess og afturköllun fer skv. VIII. kafla laga þessara.

Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar.

Skýring:

Þessi viðbót beinist að því að jafnræði ríki milli þeirra sem eiga og þeirra sem nýta auðlindirnar. Ekki getur talist eðlilegt að landeigandi sleppi við að gera nauðsynlegar rannsóknir á auðlindum (skv. 4. gr.) sem hann nýtir þó að þær séu á landareign hans. Því er miðað við að allir sem ætla að nýta ákveðna auðlind hafi fengið rannsóknarleyfi, hafi framkvæmt eða látið viðurkennda aðila framkvæma rannsóknir á viðkomandi auðlind og þannig tryggt eftir föngum að nýting hennar verði án skaða fyrir aðra, á auðlindinni sjálfri eða á annan hátt á náttúru og umhverfi svæðisins.

7. gr.

Áður en nýtingarleyfishafi hefur vinnslu í eignarlandi þarf hann að hafa náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindina eða fengið heimild til eignarnáms og óskað eftir mati samkvæmt ákvæðum 29. gr. Hafi ekki náðst samkomulag um endurgjaldið eða eignarnáms verið óskað innan 60 daga frá útgáfu nýtingarleyfis fellur það niður. Sama gildir ef nýting á grundvelli leyfisins er ekki hafin innan 3 ára frá útgáfu leyfisins. Ákvæði þetta á einnig við um nýtingu auðlinda í þjóðlendum.

Hafi landeigandi sjálfur látið rannsaka auðlindir á eignarlandi sínu eða heimilað það öðrum en ekki hefur verið veitt nýtingarleyfi til nýtingar á viðkomandi auðlind í landi hans, getur landeigandi eða sá sem rannsóknirnar annaðist krafist nýtingarleyfishafa um sannanlegan kostnað vegna rannsókna, gegn afhendingu á niðurstöðum þeirra, enda séu þær unnar skv. rannsóknarleyfi eða viðurkenndar á annan hátt. Rísi ágreiningur um greiðsluna skal skorið úr því með mati skv. 29. gr.

Skýring:

Þessi athugasemd er tengd athugasemd við 6. gr. Ekki getur talist eðlilegt að nýtingarleyfishafi greiði fyrir hvaða rannsóknir sem er. Eðlilegt er að hann greiði fyrir rannsóknir sem nýtast starfsemi hans og eru gerðar af viðurkenndum aðilum, eða viðurkenndar að slíkum aðilum. Viðbótin beinist einnig að því að tryggt verði sem best að rannsóknir á auðlindum séu gerðar af til þess hæfum aðilum og að unnt sé að treysta niðurstöðum rannsókna.

V. KAFLI

Jarðefni.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði III. og IV. kafla er heimilt án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, mól, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mól og surtarbrand er nemur að magni innan við 500 m³ ári. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis, af tæknilegum ástæðum og setja reglur um gagnaskil varðandi þessi not og er nýtanda þá skylt að veita allar umbeðnar upplýsingar og önnur gögn tengd nýtingunni.

Skýring:

Þessi athugasemd er hliðstæða við 10. og 14. gr. þar sem mörk eru sett á eigin nýtingu eiganda auðlindar. Venjulegur grjótflytningabíll tekur 8 m³ og er hér miðað við að 63 bílar á ári séu "eðlilegt" magn án leyfis. Meira magn er orðin talsverð náamavinnsla. Varðandi upplýsingaskyldu er það sambærilegt við fyrri greinar og lýtur að eðlilegu eftirliti með nýtingu til að tryggja örugga og hagkvæma nýtingu auðlindar.

9. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu rétt til jarðefna, nema með sérstöku leyfi ráðherra.

VI. KAFLI

Jarðhiti.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeigandi heimilt án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til ylræktar, iðnaðar og iðju, allt að 5 MW miðað við vermi sem tekið er úr jörðu á hverri sekúndu alls innan eignarlandsins. Landeigandi ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir, og tilgreina væntanlega staðsetningu og frágang holna, og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis, af tæknilegum ástæðum og ákvæði ákvæða reglur um gagnaskil vegna slíkrar nýtingar.

Um heimild til nýtingar á jarðhita til raforkuvinnslu fer samkvæmt ákvæðum orkulaga.

Skýring:

Viðbótin er einnig til að auðvelda Orkustofnun að fylgjast með borunum og öðrum rannsóknum á auðlindum. Þá er eðlilegt að fylgst verði með hvort hætta sé á að borun eða vinnsla á einum stað hafi áhrif á öðrum eða almannahætta stafi af t.d. borun á háhitasvæði. Varðandi gagnaskil er hér um sambærilegt ákvæði og við 4. og 5. gr

Orkustofnun vill benda á að 5 MW mörkin eru býsna há, enda eru 5 MW mun meiri orka en fæst að meðaltali úr t.d. einni borholu á háhitasvæði (eins og í

Kröflu) og 10 l/s af 100°C heitu vatni eru 4 KW, sem er óviða til á landinu nema úr borholum og stærsti vatnshver í Evrópu, Deildartunguhver, er um 7,2 MW. Í gróðurhúsum þarf 1,3 l/s af 90°C heitu vatni fyrir hverja 1000 m³ (0,5 MW) sem þýðir að fyrir stærstu gróðrarstöð landsins (6000 m³) þarf 7.8 l/s af 90°C heitu vatni sem jafngildir 2.8 MW. Flestar gróðrarstöðvar landsins eru milli 500-2000 m² að stærð, einstök gróðurhús yfirleitt ekki yfir 500 m². E.t.v. væru því 2 MW eðlilegri viðmiðun hér, enda þarf leyfi Alþingis við stærri virkjun skv. orkulögum.

11. gr.

Nú vill landeigandi ekki standa að hagnýtingu jarðhita sem hann ræður yfir, og er þá ábúanda heimilt að nýta jarðhita í eigin þágu á sinn kostnað, enda verði ekki af því spjöll á öðrum landsgæðum.

Ábúandi má ekki hefja aðgerðir til hagnýtingar á jarðhita skv. 1. mgr. fyrr en úttektarmenn hafa staðfest að spjöll verði ekki af þeim og hann hefur eftir atvikum tilkynnt um ráðagerðir sínar skv. 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 10. gr. og 14. gr.

Hafi ábúandi nýtt sér heimild skv. 1. mgr. er landeigandi ekki skylt við brottför hans að leysa til sín mannvirki sem hafa verið gerð til að hagnýta jarðhita í öðru skyni en til heimilis- og búsparfa. Um mat á innlausnarverði skal fara samkvæmt ábúðarlögum.

12. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Um sölu ríkisjarða eða jarða í eigu opinberra stofnana eða sjóða gilda þó ákvæði jarðalaga.

Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum eða við sölu jarðar frá sveitarfélagi.

13. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu og ef þörf krefur vegna nýtingar jarðhita í næsta nágrenni.

Skýring:

Viðbótin felst í því tryggja rétt sveitarfélags til að nýta orku í nágrenni sínu, enda ekki óalgengt að jarðhitasvæði séu í nágrenni sveitarfélags en utan marka þess, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 29. gr.

VII. KAFLI

Grunnvatn.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeigandi heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að ~~400~~ 10 ltr./sek. Landeigandi ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt að fengnu samþykki ráðherra

að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar, og á sama hátt ákveðið reglur um gagnaskil vegna slíkrar nýtingar.

Skýring:

Breyting úr 100 í 10 l/s er vegna þess að hærri talan er óeðlilega há og á við magn sem nægir litlu sveitarfélagi, t.d. nýtir vatnsveita Vestmannaeyja lind sem gefur 66 l/s og nægir það bæjarfélaginu. Vatnsmagn 10 l/s nægir t.d. mörgum sveitabæjum. Vökvarækt eða fiskeldi geta verið vatnsfrekari, ef í stórum stíl er og sem aðalatvinna. Í slíkum tilvikum er talsvert mál að setja vatnsvinnslu í gang og eðlilegt að nýtingarleyfis sé krafist, auk þess sem ferskvatn í slíkum mæli (í tugum eða hundruðum l/s) er fremur sjaldgæft á landinu. Samkvæmt framantöldu er e.t.v. eðlilegt að í vissum tilvikum sé nýting án leyfis allt að 50 l/s, sé sú vatnstaka úr yfirborðslind eða sjálfrennsli í borholu. Tilkynningaskylda er mikilvæg til að ekki sé gengið á vatnsforða, vatnsborð lækkað þannig að t.d. sjór geti flætt inn í grunnvatnskerfi og vegna annarra atriða. Varðandi gagnaskil er um sama atriðið að ræða og við 4., 5., 8. og 10. gr.

15. gr.

Sveitarfélag skal hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna grunnvatns innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa vatnsveitu sem rekin er þar og ef þörf krefur vegna nýtingar grunnvatns í næsta nágrenni.

Skýring:

Viðbótin felst í því tryggja rétt sveitarfélags til að nýta vatn í nágrenni sínu, enda ekki óalgengt að vatnsból séu í nágrenni sveitarfélags en utan marka þess, sbr. athugasemd við 13. gr. Sbr. þó ákvæði 3. mgr 29. gr.

VIII. KAFLI

Skilyrði við veitingu leyfa, efni þeirra og afturköllun.

16. gr.

Í umsóknum um rannsóknar- og nýtingarleyfi skal koma skýrt fram hver tilgangur sé með öflun leyfis ásamt ítarlegum upplýsingum um fyrirhugaðar framkvæmdir umsækjanda eftir nánari ákvörðun ráðherra.

17. gr.

Við veitingu nýtingarleyfa skal þess gætt að nýting auðlinda í jörðu sé með þeim hætti að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni. Telji ráðherra að umsækjandi um nýtingarleyfi uppfylli ekki þessar kröfur getur ráðherra synjað um nýtingarleyfi eða sett sérstök skilyrði í nýtingarleyfi af þessu tilefni.

18. gr.

Í rannsóknar- og eða nýtingarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Að samþykktir leyfishafa, ef um félag er að ræða, séu viðurkenndar af ráðherra.
2. Tímalengd leyfis, sérákvæði um hvenær starfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skuli vera lokið.
3. Staðarmörk svæðis.
4. Til hvaða auðlinda samkvæmt lögum þessum leyfið tekur, ákvæði um magn og nýtingarhraða.
5. Að Orkustofnun samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.
6. Upplýsinga- og tilkynningaskyldu leyfishafa og skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og á hvaða formi.
7. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
8. Kaup váttrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa.
9. Eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti og nauðsynlegri gagnavörslu.
10. Greiðslu leyfisgjalds til að mæta kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfis.
11. Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að leyfistíma loknum.
12. Frágang á starfsstöðvum og landi sem breytt hefur verið við rannsókn eða nýtingu.

Skýring:

Viðbótin felst í því að tilgreina form gagnaskila svo að sem auðveldast og ódýrast verði að taka við og miðla upplýsingum og gögnum, sbr. fyrri greinar. Hér er áréttað að þessum atriðum skuli gerð skil í leyfum. Í leyfi þarf að taka á því hver muni greiða fyrir gagnavörslu, en gengið er út frá því að gögn komi tilbúin á Orkustofnun og hún dreifi þeim gegn sanngjörnu gjaldi, eins og getið er um í rannsóknar- og nýtingarleyfum, sbr. 21. gr.

19. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að auglýsa í einu lagi eftir umsóknum um rannsóknarleyfi skv. 4. gr. á tilteknu landsvæði. Á sama hátt er ráðherra heimilt að auglýsa eftir umsóknum um nýtingarleyfi skv. 6. gr.

20. gr.

Ráðherra getur afturkallað leyfi samkvæmt lögum þessum ef skilyrðum þeirra er ekki fullnægt. Nú hlítir leyfishafi ekki skilyrðum þeim sem sett eru í leyfinu eða samningum sem tengjast leyfinu og skal þá ráðherra veita honum skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið.

Heimilt er að afturkalla leyfi ef bú leyfishafa er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga.

IX. KAFLI

**Vernd og eftirlit með vinnslusvæðum, upplýsingagjöf,
meðferð upplýsinga o.fl.**

21. gr.

Orkustofnun annast eftirlit með leitar- og vinnslusvæðum jarðefna og jarðhitasvæðum, svo og vinnslusvæðum grunnvatns þar sem leyfi skv. 4, ~~eða~~ 6., 8. og 14. gr. hefur verið veitt eða

nýting farið fram skv. 8. og 14. gr. auk þess gagnavörslu og miðlun upplýsinga gegn gjaldi. Orkustofnun gefur iðnaðarráðherra skýrslu um framkvæmd leitar, rannsóknna, gagnavörslu og vinnslu samkvæmt nánari fyrimælum sem ráðherra setur með reglugerð.

Skýring:

Viðbótin felst í því að tryggja skilvís gagnaskil til Orkustofnunar og áréttað er að miðlun upplýsinga er gegn gjaldi sem síðan er notað til at kosta gagnavörslu.

22. gr.

Handhafi rannsóknar- eða nýtingarleyfis skal eigi sjaldnar en árlega og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður leitar og rannsókna, upplýsingar um eðli og umfang auðlinda, heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið og fleiri atriði samkvæmt nánari ákvæðum í viðkomandi leyfi. Þá skal leyfishafi senda sýni af jarðfræðilegum efnum og afrit af gögnum og skýrslum óski Orkustofnun þess.

Við jarðboranir, sem framkvæmdar eru samkvæmt lögum þessum, þar með taldar jarðboranir landeiganda, skal færa dagbók er gefi upplýsingar um nákvæma staðsetningu, jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og önnur atriði sem nánar skal ákveða í reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum Orkustofnunar. Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbókinni eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt á kostnað leyfishafa meðan leyfi er í gildi. Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er leyfishafa jarðborunar skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur upp eða eykst í borholu. Ef verðmæt jarðefni finnast við jarðborun skal þegar í stað tilkynna það til Orkustofnunar.

Skýring:

Viðbótin felst í því að áréttu skil annarra hluta en sýnishorna, enda innihalda skýrslur oft niðurstöður rannsókna og túlkana sem eru mikilvæg gögn varðandi umsagnir og eftirlit með auðlindum. Þá er áréttað að gefa skuli nákvæma staðsetningu gagna úr borholum. Einnig er lögð áhersla á að leyfishafar eigi að greiða sannanlegan kostnað af varðveislu gagna um auðlindina sem þeir nýta. Þá er einkum átt við varðveislu borsvarfs, sýnishorna o.p.h.

23. gr.

Upplýsingar, sem veittar eru Orkustofnun eða öðrum opinberum aðilum samkvæmt lögum þessum, svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum, skulu bundnar trúnaði á gildistíma leyfis og framlengingar þess og forgangsréttartíma eins og hann er ákveðinn í 2. mgr. 5. gr., svo og á gildistíma nýtingarleyfis sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis, nema annað sé sérstaklega ákveðið í leyfinu. Á gildistíma leyfis er Orkustofnun heimilt að nýta slíkar upplýsingar og gögn vegna yfirlits og í vísindaskyni, að því tilskyldu að nauðsynlegs trúnaðar sé gætt.

Upplýsingar, sem leyfishafi veitir Orkustofnun samkvæmt lögum þessum, skulu vera í vörslu stofnunarinnar og skilað á því formi sem stofnunin óskar og best fellur að gagnavörslu hennar. Nú er trúnaðarskylda skv. 1. mgr. fallin niður, og er Orkustofnun þá heimilt að láta umræddar upplýsingar í té eða nýta þær í þágu frekari leyfisveitingar.

Skýring:

Viðbótin felst í því að tryggja Orkustofnun rétt til að nýta upplýsingar frá leyfishöfum til að undirbúa umsagnir o.þ.h. um auðlindina og til nota í vísindaskyni. Eðlilegt er að samþykki leyfishafa þurfi fyrir alla birtingu gagna sem þeir hafa aflað og óskað er eftir að birta á þeim tíma sem leynd hvílir á gögnum. Í tilfellum sem varða öryggi, mengun, o.þ.h. þarf að vera unnt að nýta gögn þótt þau séu ekki birt sjálf. Þá er áréttað að gagnaskil séu á formi sem sparar fé og vinnu fyrir stofnunina og auðveldar gagnavörslu, miðlun upplýsinga o.fl.

24. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum eða grunnvatni hvort sem það er með ofanburði, framræslu eða með öðrum hætti. Ekki má breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt til varnar landi eða landsnyttjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum. Verði ágreiningur um þetta atriði skal afla mats dómkvaddra manna um það.

Mannvirki öll til hagnýtingar á auðlindum skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema honum sé skylt að hlíta því samkvæmt lögum eða samningum.

Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi eða eigandi þeirra loka þeim og merkja sky. leiðbeiningum frá Orkustofnun.

Skýring:

Viðbótin felst í því að tryggja að frágangur borholna sé á þann hátt að ekki valdi öðrum hættu eða tjóni eða skaði tiltekna auðlind. Reglur þessar geta verið mismunandi eftir aðstæðum og tíma, og er eðlilegt að þær taki breytingum.

25. gr.

Aðilar, sem vinna jarðhita eða grunnvatn úr jörðu, skulu haga vinnslu sinni með þeim hætti að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi skal m.a. ekki tekinn meiri jarðvarmi eða vatn en þörf er. Borunum skal hagað þannig að þær takmarki sem minnst frekari nýtingu síðar.

26. gr.

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita rannsóknarleyfishöfum samkvæmt lögum þessum óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á. Þá er landeiganda og umráðamanni lands skylt að veita nýtingarleyfishöfum aðgang að því landi sem nýtingarleyfið tekur til, en þó ekki fyrr en leyfishafi hefur náð samkomulagi við landeiganda um endurgjald fyrir auðlindir eða eignarnám farið fram og umráðataka samkvæmt því.

Ber landeiganda eða umráðamanni sky. 1. mgr. að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsóknar eða nýtingar á auðlind í samræmi við viðkomandi leyfi.

Við nýtingu eða rannsóknir á auðlindum í jörðu skulu landeigendur og leyfishafar samkvæmt lögum þessum gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skulu landeigendur og leyfishafar gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki. Sama gildir um frágang nýtingarsvæðis ef nýting leggst af.

27. gr.

Komi upp ágreiningur milli réttshafa um nýtingu auðlindar, sem ekki fæst jafnaður, t.d. ef landamerki tveggja eða fleiri réttshafa liggja þannig að nýting auðlindar verður ekki aðskilin, skal afla mats dómkvaddra matsmanna um hvernig hagkvæmast er að hagnýta auðlindina og hver sé hlutfallslegur réttur hvers og eins til nýtingar.

X. KAFLI

Eignarnáms- og bótaákvæði.

28. gr.

Nú veitir iðnaðarráðherra öðrum en landeiganda leyfi til að leita að og rannsaka auðlind innan eignarlands, og getur landeigandi þá krafist bóta vegna tjóns sem hann verður sannanlega fyrir af þeim sökum vegna röskunar eða skemmda á landi og mannvirkjum. Náist ekki samkomulag um bætur skal ákveða þær með eignarnámsmati.

29. gr.

Nú hefur iðnaðarráðherra veitt aðila nýtingarleyfi vegna auðlinda í eignarlandi, en leyfishafi nær ekki samkomulagi við landeiganda um þau atriði sem nýtingarleyfið tekur til, þar með talið um endurgjald fyrir auðlind, og getur iðnaðarráðherra þá tekið þær auðlindir eignarnámi ásamt nauðsynlegu landi, mannvirkjum, aðstöðu til vinnslu auðlindanna og öðrum réttindum landeiganda að því leyti sem nauðsyn ber til svo að leyfið geti komið að notum. Ráðherra afhendir leyfishafa þau verðmæti sem tekin eru eignarnámi. Leyfishafi ber allan kostnað af eignarnáminu.

Ráðherra er heimilt að ákveða að ríkið taki eignarnámi auðlindir í jörðu sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef þess reynist þörf til að koma við nýtingu þeirra eða koma í veg fyrir að nýting þeirra spilli fyrir hagnýtingu sömu auðlindar utan landareignarinnar.

Ráðherra getur heimilað sveitarfélagi að taka eignarnámi auðlindir sem fylgja eignarlandi, ásamt nauðsynlegu landi og mannvirkjum, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

Ef eignarnám skv. 1.–3. mgr. á hluta af eignarlandi hefur í för með sér verulega rýrnun þess að öðru leyti á landeigandi rétt á að eignarnámið verði látið ná til þess í heild sinni.

30. gr.

Þegar ákvörðun um eignarnám skv. 29. gr. liggur fyrir skal landeigandi segja til um það innan 45 daga hvort hann óskar eftir að endurgjald fyrir auðlindirnar verði metið sem bætur sem greiðast í einu lagi eða sem árleg greiðsla meðan vinnsla auðlindar samkvæmt nýtingarleyfi stendur yfir. Meta skal sérstaklega bætur vegna annars en endurgjalds fyrir auðlindina.

Óski landeigandi eftir því að fá bætur greiddar sem árlega greiðslu skal sú greiðsla ákveðin með eignarnámsmati og vera ákveðinn hundraðhluti eða önnur fast ákveðin eining miðað við verðmæti á tilteknu vinnslustigi. Heimilt er að tengja endurgjald að nokkru eða öllu leyti við afkomu viðkomandi vinnslu. Ákveða skal í matinu gjalddaga greiðslunnar, hvort og þá hvernig hún skuli breytast eða endurskoðuð. Landeigandi getur krafist þess að sett sé trygging fyrir hinni árlegu greiðslu og skal úrskurða um þá kröfu í matinu og form tryggingar.

Framkvæmd eignarnáms á grundvelli þessara laga fer eftir almennum reglum. Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um auðlindina og kostnaðar af leit og vinnslu.

XI. KAFLI Ýmis ákvæði.

31. gr.

Iðnaðarráðherra hefur heimild til að semja við nýtingarleyfishafa um endurgjald fyrir auðlindir í eignarlöndum ríkisins að höfðu samráði við þann aðila sem fer með forræði eignarinnar.

Til nýtingar á auðlindum í þjóðlendum þarf auk leyfis samkvæmt þessum lögum, leyfi samkvæmt ákvæðum laga um þjóðlendur o.fl. Um samninga um endurgjald fyrir auðlindir í þjóðlendum og leigu fyrir nauðsynlegt land og önnur réttindi sem leyfishafi þarf til að hagnýta auðlind í þjóðlendum sem leyfið tekur til fer eftir reglum laga um þjóðlendur o.fl.

32. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum eru ekki framseljanleg né má setja þau til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi ráðherra.

33. gr.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

34. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Dæma má jafnt lögaðila sem einstakling til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verði sönnuð á starfsmann lögaðilans.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi námulög, nr. 24/1973, og III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum nr. 24/1973 og eru í gildi við gildistöku laga þessara, halda gildi sínu. Samningar um gjaldtöku vegna nýtingar á auðlindum, sem gerðir eru fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu.

2. fylgiskjal:

Ábendingar Orkustofnunar um efnisatriði í reglugerð á grundvelli frumvarps til laga um eignarhald og nýtingu auðlinda í jörðu.

Ábendingar um efnisatriði í reglugerð sem sett yrði í kjölfar frumvarps til laga um eignarhald og auðlindir í jörðu

Frumvarpið fjallar um allar hliðar rannsókna og leyfisveitinga. Hér er fjallað um reglugerð sem þarf að fylgja með frumvarpinu eða í kjölfar þess.

Miðað er við þá meginreglu að öllum upplýsingum sem koma auðlindum við og tengjast efni frumvarpsins verði skilað til Orkustofnunar til varðveislu og öðrum til upplýsingar, skv. ákvæðum í frumvarpinu. Til þess að auðvelda slík skil þurfa gögn að vera á því formi sem OS notar til varðveislu og dreifingar gagna, enda hafi stofnunin skilgreint það form sem hún óskar eftir að gögnum sé skilað á.

Þó að innleidd verði samkeppni í rannsóknum auðlinda landsins og nýtingu þeirra leiðir það ekki af sér að eftir það komi slík mál ríkinu ekki við. Þvert á móti hlýtur ríkið að verða að auka eftirlit og umsjón með rannsóknum, vinnslu og nýtingu auðlindanna, enda hafa slík umsvif mikili áhrif á náttúru landsins, náttúruvernd og almannahag. Slík upplýsinga- gagnasöfnun á vegum hins opinbera má ekki vera letjandi á rannsóknir og nýtingu auðlinda landsins. Miðlun upplýsinga og gagna á að vera eitt af hlutverkum Orkustofnunar og því er þörf ákveðinna reglna og leiðbeininga um hvernig niðurstöðum skuli skilað, og hvernig og hverjir geta notað slík gögn.

Eðlilegt getur verið að niðurstöður rannsókna á auðlindum séu trúnaðarmál í ákveðinn tíma meðan rannsóknir fara fram. Gögn sem lúta að vinnslu og nýtingu auðlindanna geta hins vegar ekki verið bundin trúnaði eða leynd í lýðræðisþjóðfélagi og eiga því að vera öllum heimil.

Ekki getur talist eðlilegt að varpa yfir á ríkið kostnaði við gagnaöflun og miðlun upplýsinga. Því er miðað við að handhafar rannsóknar- og nýtingarleyfa skili gögnum á eigin kostnað til Orkustofnunar og hafi þar frjálsan aðgang að þeim. Upplýsingar og gögn verða afhent gegn sanngjörnu gjaldi til þeirra sem þess óska, enda er kveðið á um slíkt í lögum um upplýsingaskyldu opinberra stofnana. Undanþegin eru rannsóknargögn sem lúta tímabundinni leynd.

Til þess að geta sinnt því hlutverki sem Orkustofnun er fengið með lögum um auðlindir þarf hún að geta fengið allar þær upplýsingar, gögn og uppdrætti sem leyfishafi safnar á sinn eða annarra kostnað. Slík gögn verða nákvæmlega tilgreind í rannsóknar- og nýtingarleyfum.

Ábendingar um atriði um gagnaskil í reglugerð sem sett yrði vegna frumvarps til laga um eignarhald og nýtingu á auðlindum í jörðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 122. löggjafarþingi 1997–98.)

I. KAFLI

2. gr.

Eignarland merkir í lögum þessum landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.

Þjóðlendur merkja í lögum þessum landsvæði utan eignarlanda þótt einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

Netlög merkir í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Jarðefni merkir í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.

Jarðhiti merkir í lögum þessum annars vegar jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og hins vegar stöðugan straum varma úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

Grunnvatn merkir í lögum þessum vatn sem er neðan jarðar í samfelldu lagi og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi, með hitastigi sem næst meðallagslofthita á staðnum og sem unnið er í öðrum tilgangi en að flytja varma til yfirborðs jarðar eða nýta staðarorku þess.

Gagnaskil merkir afhendingu allra gagna, mælinga, sýna, uppdráttu og túlkana sem rannsóknarleyfishafi eða nýtingarleyfishafi lætur framkvæma á sinn kostnað eða fær með öðrum hætti og kemur nýtingu auðlindarinnar við. Öllum slíkum gögnum ber að skila á því formi sem Orkustofnun óskar eftir og fellur að gagnasöfnum stofnunarinnar.

Rannsóknargögn eru gögn og upplýsingar sem verða til í rannsóknum.

Nýtingargögn eru gögn og upplýsingar sem verða til eftir að nýting er hafin.

Borhola sem lögin ná yfir er hola yfir 10 m á dýpt gerð með bortæki.

Ákvæði um gagnaskil:

- Leyfishöfum er gert að skila á sinn kostnað afriti af öllum gögnum og niðurstöðum rannsókna til Orkustofnunar á því formi sem hún óskar. Tekið er fram í rannsóknarleyfi hvernig fara skal með þær upplýsingar hvað varðar upplýsingar til annarra aðila og hve lengi slík leynd hvíli á gögnunum (sbr. 4. og 5. grein).
- Er leyfi er veitt setur Orkustofnun fram reglur um gagnaskil, á hvaða formi skal skila gögnum, hve ítarlega og með hvaða millibili (sbr. 18. grein).
- Afrit af öllum gögnum og niðurstöðum rannsókna skal skila til Orkustofnunar á því formi sem hún óskar. Kveðið er á í rannsóknarleyfi hve lengi slík gögn eru bundin leynd (sbr. 4., 8., 10., 14., 18., 21. og 22. grein).

- Handhafi nýtingarleyfis skal er vinnsla er komin í gang skila minnst árlega, til Orkustofnunar nýtingargögnum skv. ósk stofnunarinnar. Yfirleitt eru slík gögn ekki trúnaðargögn (sbr. 8., 10. og 14. grein).
- Form þeirra gagna sem skilað þarf er skilgreint í rannsóknar- og nýtingarleyfum. Miðað er við að öllum gögnum sé skilað á tölvutæku formi sé þess kostur. Vegna þróunar í hugbúnaði getur verið nauðsynlegt að breyta slíkum skilgreiningum á rannsóknar- eða nýtingartíma. Afrit korta, uppdráttar og annarra pappírsgagna þurfa að vera á efni sem hefur langan endingartíma (sbr. 5. og 18. grein).
- Það er breytilegt eftir aðstæðum hverju sinni hve oft eðlilegt eða sanngjarnt er að óska eftir gagnaskilum viðkomandi aðila. Þó skal skila nýtingargögnum og upplýsingum minnst árlega og rannsóknargögnum í lok verkáfangar (sbr. 18. grein).
- Orkustofnun getur krafist þess að handhafar rannsóknar- og nýtingarleyfa varðveiti sýni á eigin kostnað í ákveðinn tíma (sbr. 22. grein).
- Eftirlit með skilum gagna er í höndum Orkustofnunar fyrir hönd iðnaðarráðuneytis (sbr. 5., 18., 21., 22. og 23. grein).
- Nákvæmni í staðsetningu mælistaða, borholna, sýnatökustaða og annarra slíkra athuganastaða þarf að vera sem best og aldrei lakari en 50 m (sbr. 10., 14., 18. og 22. grein).
- Orkustofnun er háð upplýsingaskyldu sem opinber stofnun. Henni er skylt að afhenda upplýsingar um allar rannsóknir og niðurstöður þeirra skv. sanngjörnu gjaldi, nema þær upplýsingar og gögn sem lúta leynd skv. rannsóknarleyfi (sbr. 21., 22. og 23. grein).
- Eigandi upplýsinga er sá sem greiðir fyrir öflun þeirra. Ef Orkustofnun afhendir slíkar upplýsingar er eðlilegt að eiganda þeirra sé tilkynn það, sé þess óskað við skil gagnanna. Slík gögn eru ekki seld, heldur er tekið afhendingargjald sem skal standa straum af kostnaði við afhendinguna (sbr. 21., 22. og 23. grein).